

1977

Fimmtudaginn 30. maí 1996.

Nr. 68/1996.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Einari Jóhannssyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Leigubifreiðir. Atvinnuleyfi. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 7. febrúar 1996 að fengnu áfrýjunarleyfi 5. sama mánaðar. Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins.

I.

Í málinu er ákærða gefið að sök að hafa 18. ágúst 1995 ekið farþegum í leiguakstri án tilskilins atvinnuleyfis í bifreiðinni RI 091 frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar til tiltekins gistihúss í Reykjavík. Í ákæru er þessi háttsemi talin varða við 1. mgr. 5. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 61/1995 um leigubifreiðar.

Ákærði greinir þannig frá atvikum, að umræddan dag hafi starfsmaður fyrirtækisins Johan Rønning hf. leitað til sendibifreiðastöðvarinnar Greiðabíla hf., þar sem ákærði starfar við akstur sendibifreiðar, og óskað eftir, að bifreið yrði send á flugstöðina til að sækja sjö farþega, sem hefðu mikinn farangur meðferðis. Ákærði hafi tekið þetta verk að sér og þegið fyrir 6.000 krónur að greiðslu. Á leiðinni til Reykjavíkur hafi lögregla stöðvað för ákærða og litið á gjaldmæli í bifreiðinni, en ekki gert athugasemdir við akstur hans með farþega og farangur.

Málsvörn ákærða er einkum á því reist, að hann hafi í umrætt skipti sinnt leyfilegum leiguakstri sendibifreiðar og ekki farið inn á starfssvið leigubifreiða til fólksflutninga, svo sem það sé afmarkað í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 61/1995 og 1. gr. reglugerðar nr. 224/1995 um leigubifreiðar. Vísar ákærði sérstaklega til þess, að samkvæmt síð-

astnefndu reglugerðarákvæði eigi félög sendibifreiðastjóra og fólksbifreiðastjóra að gera sín á milli nánara samkomulag um verka-skiptingu þessara stétta. Slíkt samkomulag hafi ekki enn verið gert, og skorti því viðhlítandi refsheimild í málinu. Að auki telur ákærði, að slíkar hömlur séu settar á atvinnuréttindi manna með nefndum lögum og reglugerð, að andstætt sé 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem henni var breytt með 13. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995.

II.

Með þeim ákvæðum laga nr. 61/1995 svo og reglugerðar nr. 224/1995, sem um ræðir í málinu, eru settar þær skorður við frelsi manna til að stunda þá atvinnu, sem þeir kjósa, að atvinnuleysis sé þörf til að mega taka að sér leiguakstur á fólki. Þar á meðal er heimilað að takmarka fjölda leigubifreiða. Þessar skorður eru reistar á rökum, þótt þeirra sé ekki getið berum orðum í lögnum eða reglugerðinni. Eru ekki efni til annars en fallast á, að þær séu settar með tilliti til almannahagsmuna. Eru umrædd ákvæði því ekki andstæð 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar.

III.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 61/1995 er leiguakstur fólksbifreiða skilgreindur þannig, að hann felist í því að selja á leigu fólksbifreið fyrir átta eða færri farþega ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar telst það hins vegar leiguakstur sendibifreiða þegar slík bifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutnings fyrir tiltekið gjald á vörum, sem tilheyra hvorki ökumanni né eiganda bifreiðarinnar. Í 3. mgr. greinarinnar er samgönguráðherra heimilað að kveða nánar á um mörkin milli atvinnusviða fólksbifreiða og sendibifreiða í reglugerð.

Í 1. gr. reglugerðar nr. 224/1995 er áréttuð fyrirnefnd skilgreining á leiguakstri fólksbifreiða. Er jafnframt lagt bann við því, að fluttur sé farangur án farþega í slíkri bifreið nema í tilteknum undantekningartilvikum.

Í málinu liggur fyrir, að ákærði tók að sér gegn gjaldi að aka farþegum ásamt farangri þeirra. Það verk fellur ótvírætt undir skilgreininguna á leiguakstri fólksbifreiða í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 61/1995, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar, en utan starfssviðs sendibifreiða, svo sem það er afmarkað í 2. mgr. 1. gr. laganna. Breytir engu í því sam-

bandi, þótt ráðherra hafi ekki neytt áðurnefndrar heimildar í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 61/1995 til að kveða nánar á um mörkin milli atvinnusviða þessara tegunda bifreiða í reglugerð.

Því er ekki haldið fram, að ákærði hafi haft leyfi til leiguaksturs fólksbifreiðar, þegar þau atvik gerðust, sem um ræðir í málinu. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður sakfelling ákærða staðfest, en brot hans er þar réttilega heimfært til refsíákvæða. Þá þykja viðurlögin, sem ákærða er gert að sæta með héraðsdómi, hæfilega ákveðin. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur og ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Einar Jóhannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. desember 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 14. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-1004/1995: Ákærvaldið gegn Einari Jóhannssyni, en málið var dómtekið 22. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 9. október 1995, á hendur „Einari Jóhannssyni, Hjalla í Kjós, kt. 040234-3579, fyrir að hafa föstudaginn 18. ágúst 1995 án tilskilins atvinnuleyfis ekið farþegum í leiguakstri í bifreiðinni RI-091 frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli áleiðis að Hótel Sögu í Reykjavík, þar til lögregla hafði afskipti af honum á Reykjanesbraut við Stekkjarhvamm.

Telst þetta varða við 1. mgr. 5. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 61/1995.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Verjandi ákærða krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds og að sakarkostnaður, þ. m. t. málsvarnarlaun að mati réttarins, verði greiddur úr ríkissjóði.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar var ákærði stöðvaður á sendibifreið

sinni, RI-091, 18. ágúst sl., er hann var staddur á Reykjanesbraut við Stekkjarhvammm.

Ákærði greindi lögreglunni frá því, að hann hefði verið beðinn um að sækja erlenda ferðamenn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar fyrir fyrirtækið Johan Rönning hf. Gjaldmælir bifreiðarinnar var í gangi. Eftir tal af ökumanni heimilaði lögreglan ákærða að halda för sinni áfram.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði kom fyrir dóminn 25. október og 22. nóvember sl. Hann neitaði sökum og kvaðst ekki telja sig hafa gerst brotlegan gegn lögum um leigubifreiðar með akstri sínum frá flugstöðinni. Hann kvað hafa verið hringt á sendibifreiðastöðina 18. ágúst sl., og hafi ákærði rétt við mann, sem hringdi á vegum fyrirtækisins Johan Rönning hf. Erindið hafi verið að fá bíl til að sækja fólk í Leifsstöð, og fylgdi fólkinu mikill farangur að sögn ákærða, en fólkið kom hingað til lands vegna þátttöku í Reykjavíkummaræðni að sögn ákærða. Hann kvaðst hafa tekið þetta að sér og tekið sjö farþega í Leifsstöð auk mikils farangurs. Farangursrými bifreiðarinnar hefði verið fullt og farangur einnig verið á farangursgrind á toppi bifreiðarinnar. Ákærði kvað lögregluna hafa haft afskipti af sér, svo sem lýst er í ákæru, og hafi farangurinn, sem fólkið hafði meðferðis, verið meiri en það, sem kalla má venjulegan farangur.

Vitnið Einar Einarsson húsasmiður kom fyrir dóminn 22. nóvember sl. Hann lýsti því, er hann sem lögreglumaður hafði afskipti af ákærða á þeim tíma, sem í ákæru greinir. Hann kvaðst muna eftir farangri á gólfi bifreiðarinnar, en Einar kvað farþegana hafa verið átta. Hann kvaðst ekki hafa veitt farangri á toppi bifreiðarinnar sérstaka athygli. Hann hefði einungis fengið fyrirmæli um að stöðva bifreiðina og hafa tal af ökumanni og lesa af gjaldmæli.

Vitnið Heiðar Hinriksson lögreglumaður kom fyrir dóminn 22. nóvember sl.

Hann lýsti afskiptum lögreglunnar af ákærða, er hann var staddur á þeim stað, sem lýst er í ákæru, en hann kvað hafa verið hringt í lögregluna og greint frá því, að ákærði æki farþegum frá Keflavík. Heiðar kvað ákærða hafa verið með fullan bíl af fólki, og farangur hafi jafnframt fylgt. Hann kvaðst ekki hafa kannað, hvort farangur hefði verið á toppi bifreiðarinnar.

Vitnið Sigurður Óskarsson sölumaður kom fyrir dóminn 22. nóvember sl. Sigurður kvaðst hafa pantað bifreið til að sækja sex eða sjö manns og farangur í Leifsstöð, en fólkið var starfsmenn erlends fyrirtækis, sem fyrirtækið Johan Rönning hf. eigi viðskipti við. Sigurður kvaðst hafa hringt í sendibílastöð, en ekki í leigubílastöð, þar sem fólkið var svo margt svo og e. t. v.

töluverður farangur, svo að engin leigubifreið gæti tekið þetta allt. Sigurður kvaðst ekki hafa séð farangurinn og ekki vita, hvort um hafi verið að ræða annað en venjulegan farangur.

Niðurstöður.

Svo sem rakið var, sótti ákærði sjö farþega og farangur þeirra í Leifsstöð 18. ágúst sl. Ákærði hefur ekki tilskilið atvinnuleyfi til leiguaksturs á fólki. Þótt ljóst sé, að sjö farþegar ákærða í umrætt sinn hafi ekki komist allir í eina leigubifreið með farangur sinn, sé ekki þar með sagt, að ákærða hafi verið heimilt að flytja farþegana og farangur þeirra gegn gjaldi, eins og hann gerði. Engu breyti í þessu sambandi, þótt farþegarnir hafi allir verið á vegum þess aðila, sem pantaði bílinn. Þótt farþegarnir kunni að hafa haft mikinn farangur meðferðis, heimilaði það ákærða ekki að aka þeim, eins og hann gerði og lýst er í ákæru, en því hefur ekki verið haldið fram af ákærða, að um annan flutning hafi verið að ræða en farþega og farangur þeirra.

Dómurinn telur þannig sannað með framburði ákærða sjálfs og öðrum gögnum málsins, að hann hafi framið þá háttsemi, sem í ákæru greinir, og er brot ákærða þar rétt heimfært til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákvörðuð 40.000 kr. í sekt í ríkissjóð, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 30.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Þorsteinn Skúlason deildarlögfræðingur flutti mál-ið af hálfu ákæruvaldsins, og 30.000 kr. í málsvagnarlaun verjanda síns, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Jóhannsson, greiði 40.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 30.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, og 30.000 kr. í málsvagnarlaun verjanda síns, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmans.
